

Uppruni og ástæður frjálsra viðskipta landa á milli



David Ricardo (1772–1823)

Kaupauðgisstefnan eða merkantilisminn var efnahagskenning sem var allsráðandi á 17. og 18. öld. Kaupauðgisstefnan var þjóðernissinnuð efnahagsstefna sem leit á söfnun gulls og annarra góðmálma sem mikilvægustu leið þjóða til hagsældar. Þessi stefna taldi útflutning mikilvægan því að hann var mikilvæg aðferð þjóðarinnar til að afla sér gulls og annarra góðmálma en innflutningurinn var á hinn böginn litinn hornauga þar sem hann orsakaði útstreymi þessara góðmálma úr landinu. Samkvæmt kaupauðgisstefnuni var nauðsynlegt að beita alls konar viðskiptahömlum til að draga úr innflutningi og auka útflutning þjóðanna. Þeir Adam Smith og David Ricardo (1772–1823) voru báðir ósammála þessari kenningu.

Lögmálið um algera yfirburði

Adam setti fram hugmyndir sínar um óheft viðskipti landa á milli í bók sinni *Audlegð þjóða* árið 1776 en þar sýndi hann fram á með daemum hvernig tvær þjóðir getu báðar hagnast af viðskiptum með tver vörur, t.d. fisk og grænmeti, þegar önnur þjóðin hefði yfirburði í framleiðslu á fiski en hin í framleiðslu á grænmeti. Þetta kallaði hann lögmálið um algjöra yfirburði.

Mynd 21.1 sýnir afköst á mann í löndunum tveimur, A og B, sem framleiða tvær vörutegundir, þ.e. fisk og grænmeti. Land A er landbúnaðarland og þar er grænmetisframleiðslan á mann

Mynd 21.1

Landbúnaður og grænmetisframleðsla í löndum A og B.

Álkost á manni á dag

Land	Fiskur	Grænmeti
A	5 kg	10 kg
B	10 kg	5 kg

Heildarframleðsla og neysla fyrir utanrikisviðskipti og sérhæfingu

Land	Fiskur	Grænmeti
A	25 kg	50 kg
B	50 kg	25 kg

tvöföld á við það sem gerist á manni í landi B. Land B er fiskveiðibjöld. Þar veiðir hver maður 10 kiló af fiski á dag sem eru tvöföld afköst samanborin við land A þar sem hver maður veiðir aðeins 5 kiló af fiski á dag.

Vinnuaflið er alls tju menn í hvoru landi og það er engin sérhæfing. Fimm menn veiða fisk og fimm menn rækta grænmeti, bæði í landi A og í landi B.

Í landi A kostar eitt kiló af fiski jafnmikið og 2 kiló af grænmeti og eitt kiló af grænmeti kostar þar hálf kíló af fiski. Þetta verð fast með því að fára einn mann úr fiskveiðum yfir í grænmetisráktun í landi A. Við það tapast 5 kiló af fiski en í staðinn eykst grænmetisframleðslan um 10 kiló. Við fáum tvö kiló af grænmeti fyrir hvert kíló af fiski.

Í landi B kostar eitt kiló af fiski aðeins hálf kíló af grænmeti og eitt kiló af grænmeti kostar þar 2 kiló af fiski. Þetta verð fast með því að fára einn mann úr fiskveiðum yfir í grænmetisráktun í landi B. Við það tapast 10 kiló af fiski en grænmetisframleðslan eykst um 5 kiló í staðinn.

Fiskurinn er dýr í landi A en grænmeti ódýrt. Eitt kiló af grænmeti kostar $\frac{1}{2}$ kíló af fiski í A en 2 kíló af fiski í B. Við gáfum okkur að í báðum löndunum væru tju vinnandi menn gáfum þeirra veiddu fisk en hinir fimm ræktuðu grænmeti og fimm þeirra veiddu fisk en hinir fimm ræktuðu grænmeti (engin sérhæfing). Ef aðeins væru tvö lönd í heiminum væri heimsframleðslan fyrir sérhæfingu og utanrikisviðskipti 75 kiló af fiski og 75 kiló af grænmeti.

Á mynd 21.2 hefja löndin viðskipti sín á milli og sérhæfa sig í þeirri vöru sem þau eru betur fallin til að framleiða. Í landi A framleiðir allt vinnuaflið grænmeti og í B stundar nú allt vinnuaflið fiskveiðar.

Heimsframleðslan hefur aukist úr 75 kilóum af fiski og grænmeti í 100 kiló af hvorri vöru. Til þess að bæði löndin hagn

Mynd 21.2 Framleðsla og neysla í löndum A og B eftir sérhæfingu og viðskipti.

Framleðslan í A og B eftir sérhæfingu

Land	Fiskur	Grænmeti
A	0 kg	100 kg
B	100 kg	0 kg

Neyslan eftir sérhæfingu og viðskipti

Land	Fiskur	Grænmeti
A	40 kg	60 kg
B	60 kg	40 kg

ist af viðskiptum og sérhæfingu verður neysla þeirra beggja að aukast af báðum vörum, þ.e. almenningur í báðum löndunum þarf að geta borað bæði meiri fisk og meira grænmeti en hann gerði áður. Til að svo geti orðið þarf verð á fiski og grænmeti sem myndast á markaðnum að liggja á milli verðsins sem ríkti í löndunum áður en viðskiptin hófust. A gæti t.d. selt 40 kiló af grænmeti og fengið í staðinn 40 kiló af fiski. En A gæti líka selt 30 kiló af grænmeti og fengið 30 kiló af fiski í staðinn. Verðið væri í báðum tilvikum hið sama, 1 kiló af fiski kostaði 1 kiló af grænmeti.¹ Bæði löndin hefðu nú betri lífskjör eftir viðskipti og sérhæfingu þar sem neysla þegnanna af fiski og grænmeti er meiri í báðum löndunum eftir viðskiptin.

Adam Smith hafði sem sé uppgötvad eftirfarandi lögjmál: Tvö lönd, A og B, hagnast af sérhæfingu og viðskiptum með vörur, t.d. grænmeti og fisk, ef land A, sem hefur meiri afköst í framleðslu á grænmeti sérhæfir sig því, og land B, sem hefur meiri afköst í framleðslu á fiski, sérhæfir sig í honum. Þetta kallast lögjmálið um algjöra yfirburði.

Lögjmálið um sambærilega yfirburði

David Ricardo hafði lesið Auðlegð þjóðanna og þekkti kenningar Adams Smith um lögjmálið um algjöra yfirburði en hann vildi grafast frekar fyrir um hugsanleg áhrif fríjálsra viðskipta á lífskjör þjóðanna. Í bókinni *On the Principles of Political Economy and Taxations* (Grundvallaratriði pólitískrar hagfræði og skattlagningar), sem kom út árið 1817, setti hann fram lögjmálið um sambærilega yfirburði. Þar varpaði hann fram alveg nýrr spurningu: Hvað ætti gerist ef annað landið hefur minni afköst í framleðslu á báðum vörum? Gætu viðskipti og sérhæfing hugs-

Lögjmálið um algjöra yfirburði

¹ Verðið var áður 1:2 og 1:0,5.

ÞJÓÐHAGFRÆÐI

Mynd 21.3 Afköst á mann í löndum A og B, heildarframleðsla og neysla fyrir viðskipti og sérhæfingu.

Afköst á mann

Land	Fiskur	Grænmeti
A	10 kg	20 kg
B	8 kg	8 kg

Heildarframleðsla og neysla fyrir viðskipti og sérhæfingu

Land	Fiskur	Grænmeti
A	50 kg	100 kg
B	40 kg	40 kg

anlega bætt lífskjörin í löndunum við slíkar ádstæður? Honum tókst að sýna fram á með einföldu dæmi að það er reyndar hægt, sjá mynd 21.3.

Í landi A kostar nú 1 kiló af fiski 2 kiló af grænmeti en í landi B kostar 1 kiló af fiski 1 kiló af grænmeti. Fiskurinn er því ódýrari í B svo að nú veiðir B bara fisk en A ræktar bara grænmeti. Vinnuaflið er tíu manns í hvoru landi eins og áður. Framleidsla og neysla í A og B fyrir sérhæfingu og utanríkisviðskipti, þegar fimm manns í hvoru landi framleiða í hvorri grein, eru alls 90 kiló af fiski en 140 kiló af grænmeti. Eftir sérhæfinguna veiða tíu manns fisk í B og tíu menn rækta grænmeti í A.

Ef A ræktar eingöngu grænmeti og B veiðir bara fisk, sjá mynd 21.4, fáum við 200 kiló af grænmeti og 80 kiló af fiski en við þurfum meira en 90 kiló af fiski til að auka framleidsluna í þáðum greinunum. Við farum því tvo menn í landi A yfir í fiskbaðum greinunum. Við veiðar en látum átta menn halda áfram að rækta grænmeti. Þá hefur heimsframleðslan aukist um 10 kiló af fiski og 20 kiló af grænmeti frá því sem var fyrir sérhæfingu, sjá mynd 21.5.

Gamla verðið í löndunum var 1:1 í B og 1:2 í A. Við fengum 1 kiló af fiski fyrir hvert grænetiskiló í B en í A þurftum við 1,43 kiló af grænmeti til að kaupa hvert fiskkiló. Heimsmarkaðsvölkiló af grænmeti til að rækta grænmeti.

Mynd 21.4

Framleidsla eftir sérhæfingu (1).

Framleidsla á mann

Land	Fiskur	Grænmeti
A	0 kg	200 kg
B	80 kg	0 kg

Mynd 21.5

Framleidsla eftir sérhæfingu (2).

Framleidsla á mann

Land	Fiskur	Grænmeti
A	20 kg	160 kg
B	80 kg	0 kg

Heildarverðmæti og neysla eftir sérhæfingu og viðskipti (verð 1).

Land	Fiskur	Grænmeti
A	55 kg	117,5 kg
B	45 kg	42,5 kg

Heildarframleðsla og neysla eftir viðskipti og sérhæfingu (verð 2).

Land	Fiskur	Grænmeti
A	55 kg	110 kg
B	45 kg	50 kg

Mynd 21.6**Mynd 21.7**

verðið verður að liggja einhvers staðar á milli þessa verðs til þess að báðir aðilar geti hagnast af viðskiptunum.

Hér er heimsmarkaðsverðið sett þannig að eftir utanríkisviðskipti selst 1 kiló af fiski fyrir 1,5 kiló af grænmeti. Þetta eru kólluð viðskiptakjör og lýsa því hve mikill innflutningur fest fyrir útflutninginn. Ef þetta yrði níðurstæðan yrði neyslan í löndunum eftir sérhæfingu og utanríkisviðskipti sú sem sjá má á mynd 21.6.

En viðskiptakjörin gætu líka verið önnur. A gæti selt B 50 kiló af grænmeti og fengið í staðinn 35 kiló af fiski. Nú kostar 1 kiló af fiski 1,43 kiló af grænmeti. Bæði löndin hagnast á viðskiptunum því að nýja verðið, 1:1,43, liggur líka á milli gamla verðsins, sjá mynd 21.7.

Til að bæði löndin hagnist þarf heimsmarkaðsverðið að liggja einhvers staðar á milli upprunalega verðsins í landi A og upprunalega verðsins í landi B. Enda þótt bæði löndin hagnist geta auðvitað einstakir hópar innan þeirra sannarlega tapað á þessum frjálsum viðskiptum. Til dæmis tapa áreiðanlega allir grænetiskilóðendur í landi B og margir sjómenn í landi A á sérhæfinguni hér að framan, a.m.k. á meðan þeir eru að finna sér önnur störf. Lífskjör þjóðarinnar í heild munu batna vegna utanríkisviðskiptanna en einstakir hópar geta misst vinnuna tímabundið eða til frambúðar vegna ódýrari innflutningar voru.

Hverjar eru helstu ástæður utanríkisviðskipta

1. Framleidslupáttum er misskipt milli landa

Ljóst er að framleidslupáttunum er einfaldlega skipt misjafnt milli landa. Íslendingar flytja inn ávexti, sykur og olíu því að hér á landi er hvorki hægt að rækta ávexti né sykur hvað þá að

vinna olíu úr jörd. Hér við land eru gjöfum fiskimið sem gera okkur kleift að veiða miklu meiri fisk en við getum torgað svo að við flytjum út fisk til þjóða sem ekki hafa jafngóðan aðgang að fiskimiðum, eða sem geta ekki veitt nóg handa sínu fólk og þurfa því að kaupa sér viðbót frá öðrum löndum.

2. Afköstir eru meiri og verðið þar af leiðandi lægra í öðrum löndum Árið 1970 urðu íslendingar aðilar að EFTA² – illu heilli sögðu sumir sem óttuðust að allur íslenskur iðnaður legðist niður í kjölfarið. Innflutningur á iðnvarningi frá EFTA-löndunum vard samt ekki tollfrjals fyrr en eftir 1980. Við inngöngu í EFTA sekk íslenskur iðnaður tóu ára aðlögunartímabil og eðilega stóðst hann ekki samkeppni við innflutning frá EFTA-löndunum í þeim greinum þar sem stærðhagkvæmni³ var mikil.

Skór, fatnaður, innréttningar, eldavélar, kex og gólfteppi voru miklu ódýrari í framleiðslu í EFTA-löndunum en á Íslandi og þetta er önnur aðalástæðan fyrir viðskiptum okkar við önnur lond. Aðrir geta framleitt vöruna á ódýrari hátt.

Við framleiddum svo lítið magn fyrir örsmáan heimamarkað að verðið gat aldrei verið sambærilegt. Það er ódýrt vinnuval í Asiu sem framleiðir skóna og fötin sem við kaupum í dag. Þar er mikil framboð af ódýrum vinnukrafti og þangað flytja fyrirtæki viðs vegar að í heiminum verksmiðjur sínar til að geta framleitt vörur sínar á ódýrari hátt.

3. Fólk vill fjölbreytt vöruúval og fjölbreytta þjónustu
Íslendingar eiga fallegt land en þeir vilja líka kynnað öðrum löndum og þjóðum. Þeir fara því til útlanda til að víkka sjónlenddarhringinn. Ferðalög til útlanda eru innflutningur á þjónustu en ferðalög útlendinga hingað flokkast undir útflutning eða útflutla þjónustu. Allt sem aðlar gjaldeyristekna kallast einu nafni útflutningur en allt sem gjaldeyristekjunum er eytt í kallaast innflutningur.

þjóðir sérhæfa sig í þeirri framleiðslu þar sem þær skara fram

úr. Franskir ostar og frönsk rauðvín eru ekki bara óðruvísi heldur líka betri en annars staðar. Japanskir bílar og bílar frá Kóreu eru ódýrari en aðrir bílar. Sérhæfingin eykur afköst, lekkar vöruber og eykur fjölbreytni og gæði vörurnar.

Með sérhæfingu og utanríkisviðskiptum má bæta lífskjör þjóðanna eins þeir og Adam Smith og David Ricardo sýndu fram á. En hvers vegna ríkir bann við innflutningi á mórgum landbúnaðarvörum og hvers vegna setur Evrópusambandið gjöld á innfluttar matvörur í þeim tilgangi að verð þeirra sé svipað og verð á sömu vörum sem framleiddar eru í löndum Evrópusambandsins? Það gert með hagsmuni neytenda að leiðarljósi? Þessu verður því miður oft að svara neitandi.

Vegna innflutningshafta og hárra tolla á innfluttan fatnað þurftu konur hér á landi sem vildu tolla í tískunni um og eftir miðbik síðustu aðlar að kaupa sér smygláða útsölusko frá Ameríku – svokallaða kippuskó⁴ – en þá var haqt að fá í í heimahúsum viða um þær. Dugmiklar húsmæður fóru seinna í hópum í verslunarferðir til Glasgow og keyptu þar bæði orlon-peysur og útsölkjóla sem þær smygluðu inn í landið og voru þá oft kleddar í margu kjóla við heimkomuna. Síðan var sett upp verslun á stofugólfina heima. Það var ógleymanleg spenna í loftinu þegar þessir forboðnu ávextir voru skodaðir því að kaupendurnir gátu alltaf átt von á því að inn ryddust þjónar réttvísinnar sem tækju konurnar fastar fyrir að kaupa smygl og fleygdu þeim síðan eins og landráðamönnum í fangelsi.

Að sjálfsögðu þótti það refsiverð iðja að flytja inn fót og skó frá útlöndum því að það tók vinnuna frá íslensku iðnverkafólk sem að þessum árum saumaði fatnað og smiðaði skó í verksmiðjum Samvinnuhreyfingarinnar bæði á Akureyri og í Reykjavík.

Árið 2008 eru enn umtalsverðar takmarkanir á innflutningi á landbúnaðarvöru hér á landi. Aukið frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur yki kaupnátt almenningus til muna þar sem verð á landbúnaðarvörum er hér miklu hærra en heimsmarksaðsverð. Erfitt er að spá fyrir um afleiðingar frjálsa viðskipta með landbúnaðarvörur hérlandis. Stórfelldar hækkanir á verði matvöru á heimsmarkaði undanfarið gætu hugsanlega bætt

Gjaldeyristekjur – útflutningur og innflutningur

² EFTA (European Free Trade Association) er Fríverslunarsamtök Evrópu. Nú eru aðilarlönd EFTA fjögur, þ.e. Noregur, Sviss, Ísland og Lichtenstein.

³ Stærðhagkvæmni þjóðir að því fleiri eininger sem eru framleiðar því minni verður kostnaðurinn á hverja framleidda einingu. Fjöldaframleiðsla lækkar þess vegna framleiðslukostnað og vöruber og bætir þannig íllskjör.

⁴ Kippuskó voru þeir kallaðir og þekktust á því að örlitil göt voru á hækapparum því að heit höfðu verið þraðir upp á band og hengdir upp í kippum.

samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar. Frjáls viðskipti með landbúnaðarvörur bættu hag almennings til muna en íslensk bændastétt gæti orðið fyrir þungum búsfjum, a.m.k. fyrst í stað. Landbúnaðurinn gæti því þurft opinbera styrki og nokkrurn stuðning til nýsköpunar á aðlögunartímabilinu. Büstofn og búnaður í landbúnaði nýtist ekki í öðrum rekstri sem eykur á vanda þeirra sem stunda landbúnað.

Enn er ótalind að flest lönd vilja tryggja þegnum sínum nægilegt framboð af matvöru innan sinna landamæra þar sem styrjaldur eða nátturuhamfarir geta orðið þess valdandi að öll viðskipti leggist af, a.m.k. tímabundið. Þó að aukið frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarvörur sé timanna tákna þarf hér að fara að öllu með gát því málid er langt frá því að vera einfalt.

Viðskiptastefna einstaka þjóða endurspeglar fyrst og fremst þau völd sem einstakir hagsmunahópar hafa flöndunum. Baðendur og aðrir matvælaframleidendur hafa meiri áhrif á viðskiptastefnu stjórnvalda en neytendur. Frjálsari utanríkisviðskipti bæta hag þjóða en geta að sjálfsögðu skaðað einstaka hópa. Þannig geta lífskjör þjóðarinnar í heild batnað á sama tíma og atvinnuleysi eykst og rauntekjur lækka hjá ófaglæðu vinnumafla, t.d. vegna innflutnings á ódýrum vörum frá láglunasvæðum í Asíu. Vilji menn standast samkeppni verður menntunin því sifellt mikilvægarí á tímum aukinnar hnattvæðingar.

Ef hagsmunir almennings eru ekki hafðir að leiðarljósi, hvað er það þá sem mótar viðskiptastefnu þjóða?

Hagnast allir á frjálsari utanríkis- viðskiptum?

Hvað hefur áunnist í frjálsræðisátt? Frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar hafa þjóðir heimsins smátt og smátt verið að draga úr tollum og öðrum hömlum á viðskipti milli landa.

GATT-samkomulagið

Almenni tolla- og viðskiptasamningurinn, GATT, var staðfestur árið 1947 að 23 löndum. Ísland varð ekki aðili að þessum samningi fyrr en árið 1968. Markmið samningsins var að auka viðskipti landa á milli með því að lækka tolla á vörum og afnema sem flestar aðrar viðskiptahömlur milli aðildarlandanna.

Bestukjaraákvæði

Grundvallarregla GATT-samkomulagins er svokölluð bestukjaraákvæði.

Þau þýða að sérhver friðindi á viðskiptasviði sem veitt eru einu ríki skulu hlotaust öðrum aðildarríkjum GATT-samkomulagsins sjálfkrafa. Það er sem sé bannað að gera upp á milli aðildar-

landanna og þetta ákvæði að gera það erfðara fyrir þjóðirnar að beita viðskiptahömlum í pólitiskum tilgangi. Ef Ísland veitir einu aðildarlandi GATT-samkomulagsins heimild til að flytja inn stígvel tolfrjálst til Íslands færir það öllum öðrum löndum sem aðilar eru að GATT sams konar rétt. Frá þessari reglu eru þó þjár undanþágur:

- Tollabandalög og fríverslunarsvæði, t.d. ESB, EES og EFTA, hafa undanþágum.
- Fáttakar þjóðir fá vissar undanþágur.
- Þjóðir sem eiga við langvarandi erfðleika að etja á viðskiptajöfnumið, þ.e. búa við langvarandi viðskiptahalla, geta fengið leyfi til að setja tímabundna kvóta á innflutningum.

Breytingar á GATT-samkomulaginu hafa verið gerðar í svokölluðum sammingalotum. Þekktustu loturnar eru Kennedy-lotan sem stóð frá 1964 til 1967 en í henni voru tollar á idnvarningi í aðildarlöndunum lækkaðir um 35%. Tokyo-lotan stóð yfir árið 1975. Þá voru tollar enn lækkaðir að meðaltali um 5–6%. Úrúgvæ-lotan stóð frá 1986 til 1993 og þá var í fyrsta sinn tekið á hömlum á viðskipti með landbúnaðarvörur. Þá var einnig fjallað í fyrsta sinn um viðskipti með hugverk.

Sammingaloturnar

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)

Alþjóðaviðskiptastofnunin var sett á laggirnar í kjölfar Úrúgvæ-lotunnar árið 1995 og yfirtók þá alla starfsemi GATT. Ísland er eitt af þeim löndum sem stóðu að stofnun hennar. Árið 2007 áttu 150 þjóðir aðild að stofnuninni. Grundvallarmarkmið Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er að stuðla að hagvexti og efna hagslegri þróun aðildarlandanna og auka frjálsræði og tryggja réttaröryggi í heimsviðskiptum. Auk samninga um viðskipti með idnvarningi, sem var aðalstarfsvettvangur GATT, fjallar Alþjóðaviðskiptastofnunin um samninga um landbúnaðarvörur, þjónustu, hugverk og lausn alls kyns deilumála sem upp kunna að koma meðal aðildarrikkjanna í sambandi við viðskipti. Alþjóðaviðskiptastofnunin á einnig að vera eftirlitsstofnun sem skal fylgjast með því að samningarnir séu haldnir. Hlutverk stofnunarinnar er því miklu umfangsmeira en hlutverk GATT var áður.

Verkefni

1 Land B er fiskveiðibjöð. Þar veiðir hver maður 12 kiló af fiski á dag sem eru tvöföld afköst samanborið við land A þar sem hver maður veiðir aðeins 6 kiló af fiski á dag.

Land A er landbúnaðarland og þar er grænmetisframleiðslan á mann tvöföld á við það sem gerist á mann i landi B. Það eru tju menn í hvoru landi og engin sérhæfing, fimm menn veiða fisk og fimm menn rekta grænmeti í hvoru landi.

Hér fyrir neðan eru sýnd afköst á mann í báðum löndunum:

Land	Fiskur	Grænmeti
A	6 kg	12 kg
B	12 kg	6 kg

Löndin hefja nú utanríkisviðskipti. Til þess að hagnast af utanríkisviðskiptum og sérhæfingu verða þær löndin að geta keypt meira af báðum vörum um eftir utanríkisviðskiptin en þau gátu keypt fyrir sérhæfingu og viðskipti.

- Sýndu heildarframleiðslu fyrir sérhæfingu og utanríkisviðskipti í báðum löndunum.
- Hver er heimsframleiðslan?
- Sýndu heildarframleiðslu í báðum löndunum eftir sérhæfingu.
- Sýndu heildarneyslu í báðum löndunum eftir utanríkisviðskipti þannig að þær löndin hafi hærra neyslustig í báðum vörumum (lífssjörin hafa batnað í báðum löndunum).
- Hvert er verðið á fiski í landi A og landi B fyrir sérhæfingu og utanríkisviðskipti?
- Hvert er heimsmarkaðsverð á fiski eftir sérhæfingu og utanríkisviðskipti?
- Hagnast þær löndin á viðskiptunum? Er það algilt eða bara hér í þessu dæmi?

Hvað kallast þetta lögþátt sem þú hefur nú sýnt fram á?

2 Tvö lönd sem framleiða tvær vörur vilja stunda viðskipti sin á milli. Annað landið afkastar minna í framleiðslu á báðum vörum.

Geta utanríkisviðskipti og sérhæfing skilað bættum lífskjörum fyrir þær löndin við sílk skilyrði?

Hér eru tju vinnandi menn í hvoru landi sem sérhæfa sig ekki, heldur veiða fimm menn fisk og fimm menn rækta grænmeti.

Afkost á mann í löndum A og B:

Land	Fiskur	Grænmeti
A	10 kg	25 kg
B	8 kg	8 kg

- Hver er framleiðslan og neyslan af fiski og kjöti í báðum löndunum fyrir sérhæfingu og viðskipti?
- Hver er heimsframleiðslan?
- Sýndu heildarframleiðslu í báðum löndunum eftir sérhæfingu.
- Sýndu heildarneyslu í báðum löndunum eftir utanríkisviðskipti þannig að þær löndin hafi hærra neyslustig í báðum vörumum (lífssjörin hafa batnað í báðum löndunum).
- Hvert er verðið á fiski í landi A og landi B fyrir sérhæfingu og utanríkisviðskipti?
- Hvert er heimsmarkaðsverð á fiski eftir sérhæfingu og utanríkisviðskipti?
- Hagnast þær löndin á viðskiptunum? Er það algilt eða bara hér í þessu dæmi?
- Hvað kallast þetta lögþátt sem þú hefur nú sýnt fram á?

3 Hverjar eru helstu ástæður utanríkisviðskipta? Hvað mótar viðskiptastefnu þjóða? Hagnast allir á frjálsari utanríkisviðskiptum?

4 Segðu frá GATT og WTO.

Fríverslunarsamtök Evrópu

22



Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, voru stofnuð árið 1959 með undirritum Stokkhólmsamkomulagsins og tóku til starfa ári seinna. Stofnlönd EFTA voru Bretland, Svíþjóð, Danmörk, Norður, Austurríki, Sviss og Portúgal. Ísland bættist svo í hópinn árið 1970, Finland 1986 og síðast Lichtenstein árið 1991.

Frá árinu 1995 eru aðeins fjögur lönd með aðild að EFTA. Það eru Ísland, Noregur, Sviss og Lichtenstein. Hin löndin sex hafa öll gengið í Evrópusambandið.

Samtökin voru stofnuð að frumkvæði Bretlands sem sá sér ekki fært að gerast aðili að EBE við stofnun þess árið 1957,¹ meðal annars vegna sérstaks fríverslunarsamnings sem þeir höfðu við Samveldislöndin. Bretar keyptu ódýra matvöru af Samveldislöndunum og óttuðust að tapa þessum viðskiptum ef Bretland gengi í Efnahagsbandag Evrópu. Margar þjóðir óttuðust líka það yfirþjóðlega vald sem fólst í stofnunum og samþykktum EBE og alítu að það skerti sjálftæði þeirra.

EFTA-þjóðirnar voru sér mjög meðvitaðar um þann efnahagslega ávinning sem aðild að efnahagsbandagli hefði í för með sér en treystu sér ekki til að stíga skrefið til fulls inn í EBE og stofnuðu þess vegna EFTA. Markmiðið með EFTA var að koma á frjálsri verslun milli aðildarlandanna með afnámi tolla og annarra viðskiptahafta á iðnvarningi. Í EFTA er enginn ytri tollur gagnvart þjóðum utan samtakaanna. Hver þjóð ákvæður sína viðskiptastefnu gagnvart óðrum þjóðum. EFTA voru því

¹ Evrópusambandið (ESB) hélt Efnahagsbandag Evrópu (EBE) þegar það var stofnað árið 1957 og árið 1967 var tekið upp nafnið Evrópubandalagið (EB). Það var notað þar til 1992 þegar nafninu var breytt í Evrópusambandið.